Landsvirkjun

LV-2020-030

Blöndustöð

Mannvirkjaskráning

Lykilsíða

Landsvirkjun

Skýrsla LV nr: LV-2020-030 **Dags:** Desember 2020

Fjöldi síðna: 70 **Upplag:** 1 **Dreifing:**

- [x] **Birt á vef LV**
- [x] **Opin**
- [ ] **Takmörkuð til**

Titill: Blöndustöð. Mannvirkjaskráning

Höfundar/fyrirtæki: Anna María Bogadóttir, Urbanistan

Verkefnisstjóri: Axel Valur Birgisson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Rúnar D. Bjarnason, Mannviti

Útdráttur: Skýrslan er sett fram sem húsakönnun en jafnframt koma fram tillögur/leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af því sem sett er fram í stefnumiðum Landsvirkjunar um landslagsmótun og útlit mannvirkja við þróun og byggingu virkjana: „Stefna Landsvirkjunar er að skapa sem best heildarjafnvægi á milli útlits mannvirkja, landmótunar við landslag og náttúrulegt umhverfi" og „að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja, mannvistarlandslags og umhverfis, þannig að verndun, viðhald eða möguleg endurnýting verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun".

Lykilorð: Húsakönnun, mannvirkjaskráning, BLA, landslag

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar

Axel Valur Birgisson

LV-2020-030

Landsvirkjun

Blöndustöð

Mannvirkjaskráning

Desember 2020

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 3
HÚSAKÖNNUN 4
STAÐA SKIPULAGS 5
ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ 5

BLÖNDUSTÖÐ 5
MANNVIRKI OG YFIRBRAGÐ SVÆÐIS 5
ALMENNAR LEIÐBEININGAR 6

YFIRLITSKORT 7

MANNVIRKJASKRÁ 11

NIÐURSTAÐA VARÐVEISLUMATS 44

HEIMILDIR 47
LJÓSMYNDIR 47

VIÐAUKI - TEIKNINGAR 48

INNGANGUR

Mannvirkjaskráning Blöndustöðvar var unnin fyrir Landsvirkjun á tímabilinu desember 2019 til desember 2020 af Úrbanistan/Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt, sem er höfundur skýrslunnar.

Skýrslan er sett fram sem húsakönnun en jafnframt koma fram tillögur/leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af því sem sett er fram í stefnumiðum Landsvirkjunar um landslagsmótun og útlit mannvirkja við þróun og byggingu virkjana: „Stefna Landsvirkjunar er að skapa sem best heildarjafnvægi á milli útlits mannvirkja, landmótunar við landslag og náttúrulegt umhverfi" og „að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja, mannvistarlandslags og umhverfis, þannig að verndun, viðhald eða möguleg endurnýting verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun".[1]

[1] Landsvirkjun. *Landslagmótun og útlit mannvirkja við þróun og byggingu virkjana (VIN-0215)*. Landsvirkjun, 2019.

HÚSAKÖNNUN

Í húsakönnun er um að ræða byggingarlistar- og menningarsögulega greiningu, úttekt, mat og skráningu. Til fyrirmyndar eru hafðar byggða- og húsakannanir skv. leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands.

Mannvirkjaskráningin er í samræmi við ákvæði 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem segir: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar“.[2] Ákvæði um skráningu menningarminja er einnig að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.[3]

Byggða- og húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“[4] Fyrsti áfangi og undanfari húsakönnunar sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er byggðakönnun með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Seinni áfangi byggða- og húsakönnunar er húsakönnun með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.[5]

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.
Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðarheildar. Niðurstöður úttektar og mats á byggingum eru settar fram í texta, ljósmyndum og kortum. Skráð er byggingarefni húsa, byggingartímabil og mat á varðveislugildi. Niðurstaða skráningar og mat er sett fram í fimm liðum í samræmi við skráningarform Minjastofnunar Íslands.

1) Byggingarlist: Matið byggir á núverandi útliti. Litið er til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forma, efnismeðferðar og notagildis.

2) Menningarsögulegt gildi: Litið er til staðbundinnar eða sérstakrar byggingarhefðar, tæknilegra atriða og efnisvals út frá byggingartíma. Hlutverk byggingarinnar og tengingar við sögu og þróun.

3) Umhverfisgildi: Lagt er mat á mikilvægi byggingarinnar fyrir nærliggjandi umhverfi og samspil við nálæg mannvirki.

4) Upprunaleg gerð: Litið er til þess hvernig upprunalegt svipmót byggingar hefur varðveist. Metið hvernig breytingar falla að upprunalegri gerð.

5) Ástand: Almennt mat á ástandi og viðhaldi.

Niðurstaða varðveislumats byggir á ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Matið er sett fram í þremur stigum:

1) Byggingar með hátt varðveislugildi. Friðlýstar byggingar og önnur mannvirki með ótvírætt varðveislugildi, sbr. V. og VII. kafla laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2) Byggingar með miðlungs varðveislugildi. Friðaðar byggingar með lítið varðveislugildi og önnur hús með miðlungs varðveislugildi. Fyrir byggingar sem ekki falla undir verndun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er matið leiðbeinandi um hverfisvernd sbr. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða friðlýsingu skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3) Byggingar með lágt varðveislugildi. Byggingar sem falla ekki undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

Til skoðunar eru mannvirki sem eru skráð í fasteignaskrá ríkisins. Einnig er gefið yfirlit yfir önnur mannvirki sem falla undir skilgreiningu byggingarreglugerðar um mannvirki: „Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta [...]".[6]

[2] Skipulagslög nr. 123/2010.

[3] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

[4] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“, 2009.

[5] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“, 2009.

[6] Byggingarreglugerð nr. 112/2012.

STAÐA SKIPULAGS

Virkjanamannvirki Blöndustöðvar eru í Húnavatnshreppi á landi Eiðsstaða.

Landsskipulag

Á svæðinu sem mannvirkjaskráningin nær til er í gildi landsskipulagsstefna 2015-2026[7].

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 er Blöndustöð skilgreind sem 21 ha iðnaðarsvæði.[8] Árið 2014 var aðalskipulaginu breytt og gerð grein fyrir virkjunum á veituleið Blönduvirkjunar og efnistökusvæða. Fornleifar eru einnig sýndar á uppdrætti innan þess svæðis sem breytingin nær til.

Deiliskipulag

Engar deiliskipulagsáætlanir eru í gildi á stöðvarsvæði Blöndustöðvar.

ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ

Við undirbúning verkefnisins var aflað upplýsinga í fasteignaskrá á vef Þjóðskrár Íslands og skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Teikninga var aflað í teikningasafni Landsvirkjunar. Theodór Theodórsson verkefnisstjóri rannsókna hjá Landsvirkjun útvegaði loftmyndir af skoðunarsvæðinu.

Í júní 2020 var farið í vettvangsferð á mannvirkjasvæðið. Voru mannvirki skoðuð og ljósmynduð. Guðmundur R. Stefánsson þv. stöðvarstjóri Blöndustöðvar tók á móti Önnu Maríu Bogadóttur frá Úrbanistan, lóðsaði um svæðið og veitti margvíslegar upplýsingar um mannvirkin og stöðvarsvæðið. Guðmundur las einnig yfir skýrsludrög og kom með ábendingar og athugasemdir.
Við skráningu mannvirkja var unnið samkvæmt skráningarstaðli Minjastofnunar Íslands og leiðbeiningum stofnunarinnar um gerð húsakannana.

Verkefnishópur samanstóð af Guðmundi R. Stefánssyni þv. stöðvarstjóra Blöndustöðvar og Björk Guðmundsdóttur verkefnisstjóra. Eigandi var Jóna Bjarnadóttir. Ráðgjafar voru Anna María Bogadóttir arkitekt og skýrsluhöfundur frá Úrbanistan og Rúnar D. Bjarnason frá Mannviti.

BLÖNDUSTÖÐ

Blöndustöð er neðanjarðarvatnsaflsstöð, rúmlega 230 m undir yfirborði jarðar og var tekin í notkun árið 1991. Aflstöðin sem er 150 MW að afli stendur á brún norðanverðs hálendis við enda Kjalvegar. Vatnasvið Blöndustöðvar er 1520 km² að stærð. Vatnið í Blöndu er að mestum hluta jökulbráð af Hofsjökli og úrkomuvatni af Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Blanda er stífluð við Reftjarnarbungu og við upptök Kolkukvíslar og mynda þessar stíflur Blöndulón, þriðja stærsta stöðuvatn á Íslandi. Frá Kolkustíflu er vatni veitt um veituskurði og vötn, samtals um 25 km leið að inntakslóni virkjunarinnar, Gilsárlóni. Frá inntakslóni er vatni veitt um 1.300 m langan skurð að inntaki stöðvarinnar þar sem það er leitt niður í vélar að stöðvarhúsi. Virk fallhæð að vélum er 287 m. Frá hverflunum rennur vatnið um 1.700 m löng frárennslisgöng aftur út í farveg árinnar.
Blöndustöð var fyrsta aflstöðin sem var alfarið hönnuð á Íslandi. Arkitektastofan hf, sem Ormar Þór Guðmundsson hefur rekið frá 1987 sá um hönnun mannvirkja í samstarfi við verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sem sá um verkfræðilega hönnun og Rafteikningu sem sá um raffræðilega hönnun.

MANNVIRKI OG YFIRBRAGÐ SVÆÐIS

Alls eru tuttugu og fimm mannvirki á stöðvarsvæði Blöndustöðvar að meðtöldum stíflum, yfirföllum og brúm. Þar af eru fjórtán mannvirki óskráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Mannvirki stöðvarinnar eru í Blöndudal og Blönduheiði sem er talsvert gróin og unnið er að frekari landgræðslu kringum virkjunarlón stöðvarinnar.

Steinsteypa, ýmist ljósmáluð eða hrá og uppbrot byggingamassa í geometrísk form einkenna yfirbragð mannvirkja stöðvarinnar. Í sumum tilfellum má greina skúlptúrískt yfirbragð steyptra mannvirkja. Skýr formmótun og reitaskiptir fletir mannvirkjanna eru einkennandi og eru gluggasetningar og deililausnir ígrundaðar.

[7] Skipulagsstofnun. *Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð.* Skipulagsstofnun, 2016.

[8] Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022, staðfest 25.05.2012 http://www.skipulagsstofnun > skipulagsvefsja > Húnavatnshreppur

Hið eiginlega stöðvarhús er neðanjarðar. Stjórnhús, starfsmannahús, stöðvarstjórahús/gestahús og verkstæði eru ofanjarðar og mynda þyrpingu bygginga sem mynda eina heild ásamt aðkomuhúsi. Byggingarnar standa í aflíðandi brekku ofan Blöndudals en eru ekki í sýnilegum tengslum við Blöndufljót eða farvegi þess. Efst á hæðinni er inntakshús aflstöðvarinnar sem er sýnilegt frá starfsmanna- og stjórnhúsi.

Auk mannvirkja sem reist hafa verið í tengslum við starfsemi aflstöðvarinnar eru á stöðvarsvæðinu þrjár bogaskemmur auk íbúðarhúss og útihúss Eiðsstaða, en Blöndustöð er í landi Eiðsstaða.

ALMENNAR LEIÐBEININGAR

Með stefnumótun Landsvirkjunar og niðurstöðu varðveislumats að leiðarljósi er mælt með því að:

Þyrping bygginga stjórn-, starfsmanna-, stöðvarstjóra-, verkstæðis- og inntakshúss njóti hverfisverndar sem heild og að upprunaleg útlitseinkenni og heildaryfirbragð þeirra verði varðveitt.

Breytingum á yfirbragði mannvirkja stöðvarinnar í heild verði haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum eða endurbótum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á upprunalegu efnisvali, frágangsdeilum og litavali.

Vandað sé til allra breytinga og viðbygginga með það í huga að raska ekki sameiginlegum einkennum og heildarmynd mannvirkjanna í umhverfinu. Komi til hönnunar og byggingar nýrra mannvirkja á Blöndustöðvarsvæði verði hugað að samhengi þeirra við núverandi mannvirki á þann hátt að ný mannvirki skyggi ekki á eða rýri gæði núverandi byggðar og umhverfis á annan hátt. Lagt er til að stærð, staðsetning og efnisval nýrra mannvirkja verði skilgreint með tilliti til núverandi byggðar og umhverfis.

Hugað verði að aðgengi almennings að Blöndustöðvarsvæði í því augnamiði að stýra flæði fólks á svæðinu þannig að það fari vel saman við núverandi starfsemi aflstöðva á Blöndusvæði.

Mótuð verði áætlun um heildstæða hönnun merkinga, skilta, bekkja, stíga, handriða og annarra innviða svæðis, með það að markmiði að styrkja mannvirkjasvæðið sem áhugaverðan áningarstað fyrir almenning um leið og hugað er að öryggi almennings á svæðinu.



Merkt er inn á yfirlitskort frá Mannviti

BLÖNDUSTÖÐ

Ljósmynd: Loftmyndir 2011

1. Stöðvarhús neðanjarðar, aðkomugöng
2. Aðkomuhús
3. Stjórnhús
4. Starfsmannahús
5. Stöðvarstjórahús
6. Verkstæði
7. Bogaskemmur I, II og III
8. Olíugeymsla
9. Útfall við Blöndugil
10. Eiðsstaðir íbúðarhús
11. Eiðsstaðir útihús
12. Inntakshús
13. Lokuhús Gilsárstíflu
14. Yfirfall Gilsárstíflu



BLÖNDUSTÖÐ

Ljósmynd: Loftmyndir 2011

15. Friðmundarvatnsbrú
16. Smalatjarnarbrú

BLÖNDUSTÖÐ

Ljósmynd: Loftmyndir, 2011

17. Lokuhús Kolkustíflu
18. Yfirfall Blöndustíflu
19. Yfirfallsbrú Blöndustíflu
20. Geiralokuhús Blöndustíflu
21. Hjólalokuhús Blöndustíflu

MANNVIRKJASKRÁ

Byggingarár **1991**

Blöndustöð - Stöðvarhús neðanjarðar

Númer á yfirlitsmynd: 1

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Stöðvarhús / iðnaður
Núverandi notkun: Stöðvarhús / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstöður:	Berggrunnur, steinsteypt			
Útlit:	Neðanjarðar			

Saga

Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands lagði hornstein að stöðvarhúsi Blönduvirkjunar árið 1990. Fyrstu hugmyndirnar af Blönduvirkjun komu fram um 1950 þegar byrjað var að gera markvissar áætlanir um virkjun vatnsafls á Íslandi. Fóru fram umfangsmiklar rannsóknir og til að finna hagkvæmustu tillögu til að virkja Blöndu. Undirbúningur framkvæmda við Blöndustöð var upphaflega í höndum Rafmagnsveitna ríkisins en árið 1982 samdi ríkisstjórn Íslands við Landsvirkjun um byggingu og rekstur orkuversins. Tillagan sem byggt var á kom fram árið 1980. Blöndustöð var fyrsta stórvirkjunin sem var að öllu leyti íslensk hönnun. Framkvæmdir hófust árið 1984 og hófst starfsemi aflstöðvarinnar árið 1991.

Stöðvarhúsið er á rúmlega 200 m dýpi neðanjarðar og því eins konar neðanjarðarhellir sem er sprautusteyptur og styrktur með járni, steyptum súlum og veggjum. Litað stál er fest upp undir bergið sem myndar stálhvelfingu í stöðvarhúsinu.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs. Einfalt iðnaðarmannvirki með sérhæft hlutverk.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild lykilmannvirkja Blöndustöðvar. Fyrsta stóra vatnsaflsvirkjunin sem er að öllu leyti íslensk hönnun. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt. Mannvirkið er neðjanarðar.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs. Menningarsögulegt varðveislugildi sem hluti af heild lykilmannvirkja Blöndustöðvar.

Verndarflokkur:

Akfær aðkoma að vélasalnum er um jarðgöng frá botni dalsins, 2020.

Innan úr stöðvarhúsi, 2020.

Innan úr stöðvarhúsi. Rauður litur einkennandi, 2020.

Innan úr stöðvarhúsi, 2020.

Byggingarár **1991**

Blöndustöð - Aðkomuhús

Númer á yfirlitsmynd: 2

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Aðkomuhús stöðvarhúss / Iðnaður
Núverandi notkun: Aðkomuhús stöðvarhúss / Iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	
Útveggir:	Ómúrað	
Þakgerð:	Skúrþak (einhalla)	
Þakklæðning:	Bárujárn	
Undirstöður:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft	

Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga

Saga

Einfalt mannvirki með turni og turngluggum í fjórar áttir. Mannvirkið hefur skúlptúrískt yfirbragð og yfir hluta þess er þak úr forsteyptum bogum. Úr aðkomuhúsinu er akfær aðkoma að vélasal stöðvarhússins, sem er í neðanjarðarhvelfingu á rúmlega 200 m dýpi.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki í anda steinsteypubrútalisma.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild lykilbygginga Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Lágt. Menningarsögulegt varðveislugildi sem hluti af heild mannvirkja Blöndustöðvar.

Varðveislumat:

Aðkomuhús, horft úr suðvestri, 2020.

Norðvesturhorn aðkomuhúss, 2020.

Aðkomuhús, horft úr norðaustri, 2020.

Inngangur aðkomuhúss úr austri, 2020.

Byggingarár **1991**

Blöndustöð - Stjórnhús

Númer á yfirlitsmynd: 3

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Stjórnhús / iðnaður
Núverandi notkun: Stjórnhús / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Ómúrað			
Þakgerð:	Einhalla og brotaþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Tvílyft, kjallari			

Saga

Stjórnhús Blöndustöðvar er L-laga álmubygging sem hýsir stjórntæki og rafbúnað. Frá stjórnhúsinu liggja lóðrétt göng niður í stöðvarhúsið sem er á rúmlega 200 m dýpi.

Þak stjórnhússins er klætt límtrés sperruþak og er pappi ofan á með bárustáli. Útveggir stjórnhússins eru sjónsteyptir og málaðir í svokölluðum blöndugráum lit. Þök eru klædd málmklæðningu í svipuðum lit. Á sumrin myndar ljós litur mannvirkisins andstöðu við grænt umhverfi þess en á veturna fellur það inn í umhverfið. Rauður litur er einkennandi innanhúss. Rauðum gólfdúk var síðar skipt út fyrir grænan gólfdúk.

Þakform byggingarinnar er sett saman úr einhalla þaki og skornum brotaþökum sem mynda eina heild og brjóta sig sig yfir byggingakroppinn. Uppdeiling byggingarmassans í geometrísk form, sem þakið er mikilvægur hluti af, utanáliggjandi burðarsúlur og samspil þeirra við þrí- og ferhyrnda gluggasetningu, sem og fíngerð frágangsdeili gefa byggingunni einkennandi yfirbragð.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum. Aðallitur útveggja: Blöndugrár frá Málningu og heitir Blönduvirkjun. Litanúmer: 1000N. Verði gólfdúkur endurnýjaður er lagt til að færa hann aftur í upprunlegan rauðan lit til samræmis við stöðvarhús.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Vandað iðnaðarmannvirki undir póstmódernískum og brútalískum áhrifum. Ber höfundarverki Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts gott vitni.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild lykilbygginga Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Sómir sér vel í umhverfinu.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs til hátt. Vandað iðnaðarmannvirki sem ber höfundarverki Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts gott vitni. Menningarsögulegt varðveislugildi og hluti af heild í þyrpingu vandaðra mannvirkja Blöndustöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.

Stjórnhús, horft úr suðaustri 2020.

Stjórnhús, horft úr austri, 2020.

Steyptar stoðir rísa upp úr tengivirkisálmu stjórnhússins og frá þeim liggja háspennulínur, 2020.

Horft yfir stjórnhús úr vestri, 2020.



Innan úr stjórnhúsi, seinni tíma gólfdúkur í grænum lit, 2020.



Innan úr stjórnhúsi, 2020.

Byggingarár **1990**

Blöndustöð - Starfsmannahús

Númer á yfirlitsmynd: 4

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Starfsmannahús / iðnaður
Núverandi notkun: Starfsmannahús / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Ómúrað			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Tvílyft, ris, kjallari			

Saga

Steinsteypt starfsmannahús sem er L-laga og hýsir starfsmenn, verktaka og gesti Blöndustöðvar. Í byggingunni eru skrifstofur, mötuneyti starfsmanna- og gistirými. Yfir aðalinngangi byggingar er áberandi glerhvelfing sem nær jafnframt yfir breiðan steinsteyptan hringstiga byggingarinnar. Upprunaleg pastel litapalletta einkennir valin rými.

Þak starfsmannahússins er klætt límtrés sperruþak og er pappi ofaná með trapisu bárustáli. Útveggir starfsmannahússins eru sjónsteyptir og málaðir í svokölluðum blöndugráum lit. Þök eru klædd málmklæðningu í svipuðum lit. Á sumrin myndar ljós litur mannvirkisins andstöðu við grænt umhverfi þess en á veturna fellur það inn í umhverfið.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum. Aðallitur útveggja: Blöndugrár frá Málningu og heitir Blönduvirkjun. Litanúmer: 1000N.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Vandað mannvirki undir póstmódernískum áhrifum. Ber höfundarverki Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts gott vitni.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild lykilbygginga Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Sómir sér vel í umhverfinu þar sem það er hluti af heild.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs. Menningarsögulegt varðveislugildi og hluti af heild í þyrpingu vandaðra mannvirkja Blöndustöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.

Starfsmannahús, horft úr norðvestri, 2020.

Starfsmannahús, horft úr suðvestri.
Inngangsglerhvelfing fyrir miðju, 2020.

Starfsmannahús, horft úr suðri, 2020.

Starfsmannahús, horft úr suðaustri, 2020.

Starfsmannahús, horft úr norðri, 2020.

Innan úr starfsmannahúsi. Glerhvelfing yfir miðlægum stiga t.h. Dæmi um pastel litapallettu t.v., 2020

Byggingarár **1991**

Blöndustöð - Stöðvarstjórahús

Númer á yfirlitsmynd: 5

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Íbúðarhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Ómúrað			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft			

Saga

Einlyft steinsteypt íbúðarhús stöðvarstjóra, nú gestahús. Útveggir stöðvarstjórahússins eru sjónsteyptir og málaðir í svokölluðum blöndugráum lit. Þök eru klædd málmklæðningu í svipuðum lit. Þakið er sperruþak og pappi ofaná með trapisu bárustáli. Áfastur bílskúr er með flötu steyptu þaki og möl ofan á. Á sumrin myndar ljós litur mannvirkisins andstöðu við grænt umhverfi þess en á veturna fellur það inn í umhverfið.

Uppdeiling byggingarmassans í geometrísk form, sem þakið er mikilvægur hluti af, sem og fíngerð frágangsdeili gefa byggingunni einkennandi yfirbragð.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum. Aðallitur útveggja: Blöndugrár frá Málningu og heitir Blönduvirkjun. Litanúmer: 1000N.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Vandað mannvirki undir póstmódernískum og brútalískum áhrifum. Ber höfundarverki Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts gott vitni.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild lykilbygginga Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Sómir sér vel í umhverfinu þar sem það er hluti af heild.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs. Menningarsögulegt varðveislugildi og hluti af heild í þyrpingu vandaðra mannvirkja Blöndustöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.

Starfsmannahús, horft úr norðri, 2020.

Starfsmannahús, horft úr vestri, 2020.

Starfsmannahús, horft úr suðaustri, 2020.

Starfsmannahús, horft úr norðaustri, 2020.

Byggingarár **1992**

Blöndustöð - Verkstæði

Númer á yfirlitsmynd: 6

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Vélageymsla og verkstæði / iðnaður
Núverandi notkun: Vélageymsla og verkstæði / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Ómúrað			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft			

Saga

Einlyft steinsteypt verkstæðishús með mikla lofthæð. Útveggir verkstæðishússins eru sjónsteyptir og málaðir í svokölluðum blöndugráum lit. Þök eru klædd málmklæðningu í svipuðum lit. Þakið er sperruþak og pappi ofaná með trapisu bárustáli. Á sumrin myndar ljós litur mannvirkisins andstöðu við grænt umhverfi þess en á veturna fellur það inn í umhverfið.

Utanáliggjandi burðarvirki og fíngerð frágangsdeili gefa byggingunni einkennandi yfirbragð.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum. Aðallitur útveggja: Blöndugrár frá Málningu og heitir Blönduvirkjun. Litanúmer: 1000N.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt, vandað iðnaðarmannvirki undir póstmódernískum og brútalískum áhrifum.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Sómir sér vel í umhverfinu þar sem það er hluti af heild.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs. Menningarsögulegt varðveislugildi og hluti af heild í þyrpingu vandaðra mannvirkja Blöndustöðvar.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.

Verkstæðishús, horft úr suðri, 2020.

Verkstæðishús, horft úr suðaustri, 2020.

Verkstæðishús, horft úr norðri, 2020.

Verkstæðishús, horft úr norðvestri, 2020.

Byggingarár **1983**

Blöndustöð - Bogaskemma I, II, III

Númer á yfirlitsmynd: 7

Hönnuður:
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Geymsla

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Stálgrind			
Útveggir:	Bárujárn			
Þakgerð:	Bogaþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft			

Saga

Þrjár stálgrindar bogaskemmur. Steyptir portveggir á þeirri syðstu. Hinar tvær eru settar niður á steypta plötu.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einföld bogaskemma.
Menningarsögulegt gildi: Lágt.
Umhverfisgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Lítið breytt.
Tæknilegt ástand: Lágt.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:

Byggingarár **1983**

Blöndustöð - Olíugeymsla

Númer á yfirlitsmynd: 8

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Olíugeymsla og slökkvistöð / iðnaður
Núverandi notkun: Olíugeymsla / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Timbur			
Útveggir:	Krossviðsklæðning			
Þakgerð:	Skúrþak (einhalla)			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft			

Saga

Einlyft geymsluhús með lítt hallandi hvítmáluðu bárujárnsþaki. Húsið er á steyptri plötu. Upphaflega olíugeymsla og slökkvistöð og gegnir enn hlutverki olíugeymslu.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt geymslumannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Blönudstöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:

Byggingarár **1983**

Blöndustöð - Útfall við Blöndugil

Númer á yfirlitsmynd: 9

Hönnuður: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Útfall / iðnaður
Núverandi notkun: Útfall / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Ómúrað			
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:				

Saga

Einfalt steinsteypt mannvirki við útfall Blöndu í Blöndugili.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki með tæknilegt hlutverk.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:

Byggingarár **1956**

Blöndustöð - Eiðsstaðir íbúðarhús

Númer á yfirlitsmynd: 10

Hönnuður:
Fyrsti eigandi: Jósep Sigurvaldason og Hallgrímur Sigurvaldason

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Íbúðarhús

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Bárujárn			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft, kjallari, ris			

Saga

Á Eiðsstöðum er reisulegt íbúðarhús frá miðri 20. öld, en Eiðsstaðir er næstfremsti bær í byggð á vestanverðum Blöndudal. Síðustu ábúendur á Eiðsstöðum áður en jörðin var seld RARIK og komst í kjölfarið í hendur Landsvirkjunar, voru bræðurnir Jósep og Hallgrímur Sigurvaldasynir, sem bjuggu á Eiðstöðum til dauðadags. Í dag leigir Landsvirkjun út Eiðsstaði þar sem stundaður er fjárbúskapur.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Ágætur fulltrúi hefðbundins og reisulegs íbúðarhúss í sveitabyggð frá miðri 20. öld.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af byggðasögu Blöndudals.Landbúnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt. Miðlungs. Liggur vel í landi og reist í bæjarstæði eldri bæjarhúsa á Eiðsstöðum.
Upprunaleg gerð: Hátt. Lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.
Varðveislugildi: Miðlungs. Ágætur fulltrúi hefðbundins og reisulegs íbúðarhúss í sveitabyggð frá miðri 20. öld.

Verndarflokkur:

Byggingarár **1988**

Blöndustöð - Eiðsstaðir útihús

Númer á yfirlitsmynd: 11



Hönnuður: Teiknistofa landbúnaðarins
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Fjárhús & hlaða / landbúnaður
Núverandi notkun: Fjárhús & hlaða / landbúnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	
Útveggir:	Múrkústað	
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:	Bárujárn	
Undirstöður:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft á kjallara með ris	

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Steinsteypt útihús Eiðsstaða; fjárhús með áburðarkjallara og hlaða með súgþurrkun. Byggt á árunum 1987-1988.

Tillaga / leiðbeiningar

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt, hefðbundið landbúnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af byggðasögu Blöndudals. Landbúnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Miðlungs. Í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur:

Byggingarár **1990**

Blöndustöð - Inntakshús

Númer á yfirlitsmynd: 12



Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Inntakshús / iðnaður
Núverandi notkun: Inntakshús / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Steinsteypt			
Þakgerð:	Mænisþak			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:				

Saga

Inntakshúsið er steinsteypt mannvirki. Útveggir eru sjónsteyptir og málaðir í svokölluðum blöndugráum lit. Þök eru klædd málmklæðningu í svipuðum lit. Á sumrin myndar ljós litur mannvirkisins andstöðu við grænt umhverfi þess en á veturna fellur það inn í umhverfið.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnis- og litavali sem og frágangsdeilum. Aðallitur útveggja: Blöndugrár frá Málningu og heitir Blönduvirkjun. Litanúmer: 1000N. Huga þarf að frágangi spenna og tæknibúnaðar utanvert í samræmi við efni og ásýnd mannvirkisins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs. Einfalt, vandað iðnaðarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild lykilmannvirkja Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Stendur uppi á hæð og er sýnilegt frá stjórnhúsi, starfsmannahúsi og stöðvarstjórahúsi.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott tæknilegt ástand.
Varðveislugildi: Lágt til miðlungs. Vandað iðnaðarmannvirki. Menningarsögulegt varðveislugildi sem hluti af heild lykilmannvirkja Blöndustöðvar og myndar heild með stjórnhúsi, starfsmannahúsi, verkstæðishúsi og stöðvarstjórahúsi.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.

Inntakshús, horft úr suðri, 2020.

Inntakshús, horft úr suðaustri, 2020.

Inntakshús, horft úr norðaustri, 2020.

Inntakshús, horft úr vestri, 2020.

Horft yfir verkstæðishús frá stjórnhúsi. Inntakshús í bakgrunni, 2020.

Byggingarár **1990**

Blöndustöð - Lokuhús Gilsárstíflu

Númer á yfirlitsmynd: 13

Hönnuður: Arkitektastofan sf. í samstarfi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafteikningu
Fyrsti eigandi: Landsvirkjun

Upphafleg notkun: Lokuhús / iðnaður
Núverandi notkun: Lokuhús / iðnaður

Gerð	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Byggingarefni:	Steinsteypt			
Útveggir:	Ómúrað			
Þakgerð:	Skúrþak (einhalla)			
Þakklæðning:	Bárujárn			
Undirstöður:	Steinsteypt			
Útlit:				

Saga

Einfalt sjónsteypt mannvirki yfir botnrás í gegnum Gilsárstíflu.

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða lagfæringa er lagt til að byggja á upprunalegri gerð og að viðhalda upphaflegu efnisvali og frágangsdeilum. Steinsteypan er sílanvarin á u.þ.b. 6 ára fresti.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt iðnaðarmannvirki með sérhæft hlutverk.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Blöndustöðvar. Atvinnu- og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi: Lágt.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt.
Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand.
Varðveislugildi: Lágt til miðlungs. Menningarsögulegt varðveislugildi sem hluti af heild mannvirkja Blöndustöðvar.

Verndarflokkur:

Lokuhús, horft úr norðaustri, 2020.

Lokuhús, horft úr norðvestri, 2020.

Lokuhús, horft úr vestri, 2020.

Lokuhús, Gilsárstífla í bakgrunni 2020.

Byggingarár **1990**

Blöndustöð - Yfirfall Gilsárstíflu

Númer á yfirlitsmynd: 14

